

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Guðmundsson, Svavar Guðmundsson og Guðmundur E. Guðmundsson, greiði in solidum stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, kr. 150.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 5. nóvember 1968 til greiðsludags, kr. 180.00 í afsagnarkostnað og kr. 18.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1971.

Nr. 245/1969. M (Logi Guðbrandsson hrl.)
 gegn
 K (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál. Fyllingareiður.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1969, að fengnu afrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að honum verði dæmdur synjunareiður í málinu. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi afrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms fór enn fram blóðflokkarannsókn. Var aðiljum málsins og barninu, A, tekið blóð og úrtakið sent til Retsmedicinsk Institut í Kaupmannahöfn „til ákvörðunar á Gm og Gc kerfunum“. Niðurstöður þessarar rannsóknar voru, að ekki var unnt að útiloka afrýjanda frá faðerninu.

Með skírskotun til forsendna hins afrýjanda dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir

mánuðir frá birtingu dóms þessa, og um málskostnað fer, svo sem síðar greinir.

Ef stefndi vinnur eiðinn, er staðfest málskostnaðarákvæði héraðsdóms og áfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Ef stefnda verður eiðfall, greiði hún áfrýjanda kr. 14.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnda í héraði greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til eiðvinningar er tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef stefndi, K, vinnur eiðinn, skal áfrýjandi, M, greiða málskostnað í héraði, kr. 10.450.00, er renni til ríkissjóðs, og greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Nú verður stefnda eiðfall, og skal hún þá greiða áfrýjanda kr. 14.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnda í héraði greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar þar, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1969.

Ár 1969, miðvikudaginn 2. apríl, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 10/1969: K gegn M, sem tekið var til dóms 21. f. m.

Sóknaraðili í máli þessu, K, sem er ógift, til heimilis að . . . hér í borg, fædd hinn 26. október 1950, ól hinn 16. febrúar 1968 meybarn, sem í skírinni hlaut nafnið A. Föður að barni þessu hefur hún lýst M, . . . hér í borg, fæddan 19. marz 1946, en hann

hefur ekki viljað við faðerni barnsins kannast, og hefur sóknaraðili því höfðað mál þetta gegn honum. Hefur hún krafizt þess fyrir dómi, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til sín og tryggingariðgjald sitt fyrir árið 1968, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara gerir sóknaraðili kröfu um fyllingareið. Þá krefst hún málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili, M, hefur ekki viljað gangast við barni sóknaraðilja og krafizt sýknu af kröfum hennar. Til vara gerir varnaraðili kröfu um synjunareið. Varnaraðili kveðst ekki krefjast málskostnaðar, en við flutning málsins hefur talsmaður hans gert kröfu til málsvarnarlauna.

Sóknaraðili hefur skýrt frá því, að hún hafi verið með G, ..., og B, ..., laugardaginn fyrir hvítasunnu, eða hinn 13. maí 1967. Neyttu þær allar áfengis, en eigi kveðst sóknaraðili hafa verið mikið með áfengisáhrifum. Um kvöldið voru þær staddar niðri í Lækjargötu. Kveður sóknaraðili þá systur sína D, ..., hafa komið til þeirra og viljað fá sig heim með sér, þegar hún sá, í hvernig ástandi hún var. Í því bar að varnaraðilja, M, á Volkswagen bifreið. Með honum í bifreiðinni var E, til heimilis að ... á Seltjarnarnesi. Sóknaraðili þekkti E, en eigi varnaraðilja. Fóru hún og kunningjakonur hennar upp í bifreiðina til þeirra, og var farið að einhverju húsi í borginni, en síðan heim til E. Þar voru fyrir F, ..., og H, Sóknaraðili kveðst ekki hafa neytt áfengis að ... á Seltjarnarnesi og muna vel eftir öllu, er þar gerðist. Þær G og B fóru fljótlega á brott, en sóknaraðili varð eftir. Sóknaraðili kveðst einhvern tíma næturinnar hafa farið með varnaraðilja inn í herbergi eitt í húsinu og lagzt þar með honum upp í dívan. Voru ljós slökkt í herberginu, en dyrum ekki læst. Nokkru eftir að þau voru komin inn í herbergið, kom H að þeim, þar sem þau lágu á dívaninum, en fór strax á brott. Sóknaraðili kveðst hafa haft samfarir við varnaraðilja um nóttina. Hafi verið um fullkomnar samfarir að ræða og engar tilraunir gerðar af þeirra hálfu til að hindra getnað. Kveður sóknaraðili barn sitt getið við samfarir þessar. Sóknaraðili kveðst hafa sofnað og ekki vaknað fyrr en klukkan 0900—0930 um morguninn. Var þá varnaraðili farinn á brott. Sóknaraðili hafði tal af E, og hringdi hann fyrir hana á bifreið. Sóknaraðili kveðst hafa haft síðast á klæðum, áður en hún varð ófrísk, um mánaðamótin apríl—maí, en hún hefur alltaf haft reglulegar tíðir. Sóknaraðili staðhæfir, að hún

hafi ekki haft samfarir við neinn annan karlmann en varnaraðilja á getnaðartíma barnsins, en sóknaraðilja var tjáð, hver getnaðartíminn gæti verið. Sóknaraðili kveðst hafa fyrst reynt að ná til varnaraðilja, er komið var fram í september, til að láta hann vita, hvernig komið væri, en í október tókst henni fyrst að ná í hann og tilkynna honum um þetta. Varnaraðili hefur aldrei viljað gangast við barni sóknaraðilja og ekkert viljað við hana ræða. Eins og áður greinir, kveðst sóknaraðili hafa þekkt E. Höfðu þau hitzt hjá kunningjakonu sóknaraðilja. Síðan kveðst sóknaraðili hafa komið heim til hans, og loks kom hann heim til sóknaraðilja og fékk þar lánaðar hljómplötur.

Varnaraðili hefur skýrt frá því, að hann minnst þess að hafa verið í hófi að ... á Seltjarnarnesi kvöld eitt í byrjun apríl árið 1967. Var sóknaraðili í hófi þessu og fleira fólks. Varnaraðili kannaðist ekki við allt fólkið, en þar voru m. a. I og J, H svo og E, sonur húsráðanda. Haft var áfengi um hönd í hófi þessu. Varnaraðili kveður geta verið, að hann hafi kysst sóknaraðilja, svo að aðrir sæju, en hann kveðst engin kynferðismök hafa haft við hana. Varnaraðili man ekki, hvenær hann fór burtu úr hófinu, og ekki getur hann sagt um það, hvenær sóknaraðili fór. Varnaraðili kveður sóknaraðilja fyrst hafa tilkynnt sér, að hún væri ófrísk af hans völdum, seinast í september framangreint ár. Varnaraðilja var kynntur framburður sóknaraðilja um kynni þeirra. Varnaraðili minnst þess ekki, er sóknaraðili heldur fram, að hún hafi komið með honum á bifreið að ... á Seltjarnarnesi í umrætt sinn. Varnaraðili kveður hófið hafa verið í byrjun apríl árið 1967, en ekki laugardaginn fyrir hvítasunnu, eða hinn 13. maí, eins og sóknaraðili heldur fram. Varnaraðili neitar því að hafa farið inn í herbergi með sóknaraðilja og haft við hana samfarir, eins og hún heldur fram.

Vitnið G hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt niðri í Lækjargötu laugardaginn 13. maí framangreint ár ásamt sóknaraðilja, K, og B. Komu þá til þeirra á bifreið varnaraðili, M, og E. Buðu þeir þeim upp í bifreiðina, og var haldið heim til E að ... á Seltjarnarnesi. Vitnið og B höfðu þar skamma viðdvöl, 15—20 mínútur, og héldu á brott, en sóknaraðili, K, varð eftir. Vitnið kveðst aldrei hafa orðið vart við það, að varnaraðili, M, og sóknaraðili væru saman á framangreindum stað.

Vitnið B hefur skýrt frá því, að það hafi verið með sóknaraðilja, K, og G laugardag einn vorið 1967. Vitnið kveðst ekki geta komið fyrir sig, hvaða dag þetta hafi verið. Að kvöldi dags þessa voru

þær staddar niðri í Lækjargötu. Höfðu þær allar neytt áfengis, og á meðan þær voru staddar þarna, kom systir sóknaraðilja, K, til þeirra og vildi fá sóknaraðilja heim með sér. Á það vildi sóknaraðili ekki fallast. Í þessu bar að Volkswagen bifreið, og voru í henni tveir piltar, sem sóknaraðili og G þekktu, en vitnið ekki. Fóru þær allar upp í bifreiðina til þeirra, og var ekið að húsi einu úti á Seltjarnarnesi, en þar átti annar piltanna, sem var í bifreiðinni, heima. Vitnið kveður þær G hafa dvalizt í húsi þessu um stundarfjórðung, en farið að því búnu á brott. Þær vildu fá sóknaraðilja, K, með sér, en þá kom til þeirra einhver piltur og það sóknaraðilja að verða eftir. Féllst hún á það, og fóru vitnið og G á brott. Vitnið veit ekki nafn á pilti þessum né nein deili á honum. Man það ekki, hvort hann var í Volkswagen bifreiðinni, sem þær fóru í út á Seltjarnarnes. Vitnið kveður sóknaraðilja aldrei hafa minnzt við sig síðar á dvöl sína á framangreindum stað. Vitnið þekkti ekki neitt af fólki því, sem var í framangreindu húsi á Seltjarnarnesi, nema sóknaraðilja og G.

Vitnið F hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt að ... á Seltjarnarnesi laugardagskvöld eitt í apríl eða maí á síðastliðnu ári ásamt H. Nokkru eftir að þeir H komu þangað, kom sonur húsráðanda, E, á bifreið, og voru með honum varnaraðili, M, G, systir vitnisins, B og sóknaraðili, K. Áfengi var haft um hönd á framangreindum stað um kvöldið og nóttina. Þær B og G fóru fljótlega, en sóknaraðili, K, varð eftir. Vitnið varð vart við það, að hún og varnaraðili, M, voru saman þarna. Vitnið kveðst hafa heyrt, að sóknaraðili og varnaraðili hafi legið saman á divan í einu herbergi í íbúðinni, en getur ekki sagt um fyrir víst, hver sagði því þetta. Vitnið kveður þá H hafa farið á brott seint um nóttina, en hvenær man það ekki. Var þá sóknaraðili ekki farinn á brott, að vitnið telur.

Við síðari yfirheyrslu var vitni þetta beðið að gefa nánari skýringu á því, hvað það eigi við með orðunum: „Vitnið varð vart við, að hún (þ. e. sóknaraðili) og varnaraðili voru saman þarna“. Í þessu sambandi skýrði vitnið frá því, að það myndi ekki greinilega um það, hvort varnaraðili og sóknaraðili hafi verið saman í samkvæminu, en þau hafi verið þar bæði.

Vitnið H hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt að ... á Seltjarnarnesi, heima hjá E kvöld eitt vorið 1967. Vitnið man ekki, hvaða dag þetta var, en kveður vel geta verið, að það hafi verið einhvern tíma í maí. Vitnið var búið að dveljast þarna nokkuð langa stund, er E og varnaraðili, M, komu á bif-

reið. Voru með þeim þrjár stúlkur, og var ein þeirra G, en hinar þekkti vitnið ekki. Vitnið kveður hafa verið margt fleira fólk barna og veit ekki um, hve stúlkur þessar dvöldust þarna lengi. Haft var áfengi um hönd um kvöldið og um nóttina. Vitnið minnst þess að hafa einhvern tíma um nóttina opnað dyr á herbergi í húsinu. Var þar fólk fyrir, og var sagt eitthvað við vitnið, en hver talaði, kveðst það ekki vita. Vitnið sá ekki, hvaða fólk þetta var, enda voru gluggatjöldin dregin fyrir og dimmt í herberginu. Hvarf vitnið frá við svo búíð. Vitnið minnst þess að hafa átt tal við varnaraðilja, M, síðla nætur á umræddum stað. Vitnið kveðst ekki vita, hvort stúlkur þær, er að framan greinir, voru þá farnar.

Vitnið E kveðst hafa heyrt minnzt á mál þetta, nokkru áður en það var yfirheyrð, en það hafði verið erlendis. Vitnið hefur hugsað um það, en ekki getað munað neitt um það. Vitnið kveðst þekkja varnaraðilja, en sóknaraðilja kvaðst það ekki kannast við í fyrstu. Var það ekki, fyrr en vitnið sá hana í dómi, sem það taldi sig kannast við hana. Vitnið kannast við G, en B þekkir það ekki. Vitnið minnst þess ekki að hafa verið í bifreið með varnaraðilja í apríl eða maí 1967 og að fyrrgreindar stúlkur og sóknaraðili hafi komið upp í bifreiðina til þeirra í Lækjargötu. Eigi minnst vitnið þess, að aðiljar máls þessa né stúlkur þær, er að framan greinir, hafi verið í samkvæmi heima hjá því á framangreindum tíma. Vitninu var kynnt það, sem fram hefur komið um þetta í málinu, en vitnið heldur fast við, að það muni ekkert um þetta. Vitnið kveður geta verið, að varnaraðili hafi einhvern tíma komið heim til sín, en hann hefur ekki verið þar í samkvæmi, að vitnið man eftir. Vitnið kveður H vera vin sinn og hafa oft komið heim til sín. Vitnið man ekki eftir því, að sóknaraðili hafi komið heim til þess. Það minnst þess að hafa hitt hana heima hjá G, en eigi í önnur skipti.

Blóðflokkarannsóknir, sem tvisvar hafa farið fram á aðiljum máls þessa og barninu, samræmast því, að varnaraðili geti verið faðir þess, en niðurstöður þeirra urðu sem hér segir:

	ABO MNSs		Rh				Kell	Fy	P ₁	Hp
			C	D	E	c e C ^w	Kk	a	b	
Sóknaraðili	0	Mss	+	+	÷	÷	+	÷	2-2	
Barnið	0	MNss	+	+	÷	+	+	÷	2-1	
Varnaraðili	0	Nss	+	+	÷	+	+	÷	1-1	

Barn sóknaraðilja var við fæðingu 4.150 gr. að þyngd og 52 cm að lengd.

Leitað var umsagnar borgarlæknis í Reykjavík um hugsanlegan getnaðartíma barnsins. Segir svo í álitserð hans, dags. 10. desember s.l.:

„Af vottorði ljósmóður, dags. 28/2 s.l., má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist. Meðalmeðgöngutími fullburða barna er talinn vera 271 dagar með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 10. maí til 1. júní 1967.

Sé höfð hliðsjón af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 24. marz til 22. júní 1967. Samkvæmt sömu töflum eru 867% líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 21. apríl til 25. maí sama ár“.

Eins og nú hefur verið rakið, hefur varnaraðili neitað að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barns hennar. Hafa því ekki fengizt lögfullar sannanir fyrir samförum þeirra á þessu tímabili, svo að málsúrslit verða að velta á eiði, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936.

Með hliðsjón af framburðum vitna, sem leidd hafa verið í máli þsesu, svo og þegar virtur er framburður varnaraðilja sjálfs, en blóðflokkarannsókn samrýmist því, að hann geti verið faðir barnsins, verður að telja málstað sóknaraðilja líklegri, og ber því í samræmi við nefnda lagagrein að láta málsúrslit velta á fyllingareiði hennar, þannig að vinni hún eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá 24. marz til 22. júní 1967, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, en eigi aðra karlmenn, skuli hann teljast faðir meybarns þess, sem hún ól hinn 16. febrúar 1968 og skírt var A, enda greiði hann þá meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1968, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, skal varnaraðili greiða útlagðan málskostnað til ríkissjóðs, kr. 10.450.00, og er þar innifalin þóknun til talsmanns sóknaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, en málskostnaður skal niður falla.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa á lögmæltu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá 24. marz til 22. júní 1967, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, M, en eigi aðra karlmenn, skal hann teljast faðir mey barns þess, er sóknaraðili ól hinn 16. febrúar 1968 og skírt var A, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1968, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 10.450.00, er renni til ríkissjóðs, og er þar innifalin þóknun til talsmanns sóknaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar og falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1971.

Nr. 50/1970. **Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu f. h.**
sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu
 (Ragnar Steinbergsson hrl.)
og Sigtryggur Stefánsson
 (Sigurður Hafstein hdl.)
 gegn
Björgvin Runólfssyni og gagnsök
 (Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Fébótaábyrgð í opinberri sýslan.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1970. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Til